





Ofnhanskar

Höfundur: Birna Guðmundsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í vélsaumi fyrir 5.–7. bekk



Aðferð:

Vélsaumur

Efni:

- ✓ Bómullarvatt
- ✓ Bómullarefni
- ✓ Tvinni
- ✓ Sníðapappír

Áhöld:

- ✓ Saumavél
- ✓ Skurðarmotta
- ✓ Skurðarhnífur
- ✓ Bútasamsreglustika
- ✓ Skæri
- ✓ Títuprjónar
- ✓ Sprettuhnífur




Vinnulýsing fyrir nemendur


Að búa til efni með því að sauma ræmur ofan á vatt.

- 1 Veljið ykkur ræmur, minnst tvo liti, en þeir mega vera fleiri.
- 2 Takið vattið og leggið fyrstu ræmuna á mitt vattið með réttu upp. Leggið næstu ræmu ofan á með réttu niður, nælið með títuprjónum. Athugið vel að brúnir efnanna séu alveg jafnar (Mynd 1).
- 3 Saumið saman með beinum saumi fótbreidd frá brún.
- 4 Fingurstraiðið yfir á vattið.
- 5 Takið næstu ræmu og leggið hana eins og áðan, saumið og fingurstraiðið (Mynd 2).
- 6 Haldið svona áfram þar til búið er að þekja allt vattið með ræmum.

Mynd 1



Mynd 2



Að búa til efni með því að setja efni ofan á vatt og skreyta með sporgerðum á saumavélinni.

- 1 Finnið ykkur efni, einlitt eða munstrað, nælið efnið ofan á vattið með réttuna upp.
- 2 Skreytið nú efnið, notið sporgerðirnar á saumavélinni til þess.

Að taka upp snið og sníða.


- 1 Takið upp tvö snið af ofnhanskanum, vinstri og hægri hendi.
- 2 Leggið nú sniðin á röndóttu efnið sem þið bjugguð til, nælið með títuprjónum og klippið út (Mynd 3).
- 3 Takið efnið með sporgerðunum á og leggið hanskann sem þið voruð að klippa út ofan á það með réttu á móti réttu. Nælið fast með títuprjónum og klippið.
- 4 Nú eruð þið komin með fram- og bakstykki. Finnið ykkur nú efni í fóður.
- 5 Leggið fóðurefnið með réttu upp, setjið fram- og bakstykkinn ofan á, með réttu niður. Nælið fast með títuprjónum, klippið út.

Athugið vel áður en byrjað er að klippa að snið snúi rétt svo ekki sé verið að sníða tvo hanska á sömu hendi.



Mynd 3


Efni



Að sauma

- 1 Saumið fóður við fram- og bakstykki, alls 4 stykki. Saumið stykkinn saman efst við brún með beinum saum, fótbreidd frá brún (Mynd 4).

Mynd 4




Muna að bakka í byrjun og lokin.




- 2 Leggið nú fram- og bakstykki saman, með réttu á móti réttu. Nælið fast með títuprjónum og saumið saman með beinum saum fótbreidd frá brún. Skiljið eftir op á fóðri til að snúa við (Mynd 5).

- 3 Snyrtið nú saumfarið og klippið upp í sauminn (Mynd 5).

Mynd 5



- 4 Snúið hanskanum við í gegnum gatið á fóðrinu.
- 5 Saumið fyrir gatið.
- 6 Ýtið fóðrinu ofan í hanskan.
- 7 Lagið til efri brún á hanskanum og saumið hringinn, með beinum eða víxlsaumi.



Til kennara

Verkefni þetta gengur út á að búa til efni, með því að sauma efnisræmur ofan á vatt. Hægt að nýta efnisafganga af bómullarefnum. Ég sker munstruð og einlit efni niður í ræmur og raða þeim í grindur sem nemendur velja síðan úr. Ég hef nýtt ótrúlegustu efni með því að skera þau niður ásamt skærlitum einlitum efnum sem nemendur geta valið úr.

Þessi aðferð er góð leið til að nýta upp búta og annað efni sem ekki hefur gengið út. Þegar ræmur eru lagðar á vattið er hægt að leggja þær, lóðrétt, lárétt eða horn í horn. Ég læt nemendur alltaf byrja að sauma í miðjunni, þá er minni hættu á að það komi flái í stykkið.

Líka er hægt að sauma ræmur ofan á efni og vatt, þá þarf ekki að fóðra hlutinn. Ég hef t.d. látið sauma margskonar buddur með þeirri aðferð og líka litlar töskur. Ástæðan fyrir því að ég sker efnið niður sjálf er sú að þá get ég notað efni sem nemendur mundu aldrei velja og einnig að svona hnífar eru mjög beittir.

Undirbúningur kennarans

1. Skera bómullarefni, munstruð og einlit niður í 4 cm ræmur. Ræmur mega vera breiðari en ekki gott að hafa þær mjórri.
2. Skera bómullarvatt niður, tvö stykki, stærð 35 x 45 cm. Dugar í 2 ofnhanska.

Snið með saumfari.

